

## Flaga Group hf. – Niðurstöður ársins 2007

### Helstu niðurstöður úr samstæðuuppgjöri Flögu Group hf.

#### 4. ársfjórðungur 2007:

- Tekjur námu USD 9,2 milljónum sem er USD 460 þúsund eða 5% samdráttur miðað við sama tímabil fyrra árs.
- EBITDA framlegð var neikvæð er nam USD 334 þúsundum samanborið við EBITDA framlegð er nam USD 828 þúsundum á fyrra ári.
- Tap ársfjórðungsins nam USD 11,5 milljónum.

#### Árið 2007:

- Tekjur námu USD 33,2 milljónum sem er USD 687 þúsund eða 2% aukning frá fyrra ári.
- EBITDA framlegð nam USD 127 þúsundum samanborið við USD 1 milljón á fyrra ári.
- Tap ársins nam USD 12,6 milljónum

Ársreikningur 2007 fyrir samstæðu Flögu Group hf. var samþykktur á stjórnarfundum 31. mars 2007. Ársreikningurinn, sem gerður er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (*IFRS-International Financial Reporting Standards*), hefur verið endurskoðaður af endurskoðendum félagsins og áritaður án athugasemda.

#### Lykiltölur úr samstæðuuppgjöri:

REKSTRARREIKNINGUR USD '000			1. jan -	1. jan -
	4. ársfj.	4. ársfj.	31-Dec	31-Dec
	2007	2006	2007	2006
Rekstrartekjur	9,199	9,659	33,161	32,474
Kostnaðarverð seldra vara	4,638	4,149	14,056	13,168
<b>Framlegð</b>	<b>4,561</b>	<b>5,510</b>	<b>19,105</b>	<b>19,306</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Sölu-, stjórnunar- og markaðskostnaður	4,442	4,467	17,728	17,062
Rannsóknar- og þróunarkostnaður	736	564	2,652	2,363
Kostnaður vegna skipulagsbreytinga	0		-96	267
<b>Samtals rekstrargjöld</b>	<b>5,178</b>	<b>5,031</b>	<b>20,284</b>	<b>19,692</b>
<b>Rekstrarhagnaður/(tap) EBIT</b>	<b>-617</b>	<b>479</b>	<b>-1,179</b>	<b>-386</b>
Fjármagnsgjöld	-11,103	-158	-11,428	-890
<b>Hagnaður (Tap) fyrir skatta</b>	<b>-11,720</b>	<b>321</b>	<b>-12,607</b>	<b>-1,276</b>
Skattar	175	341	-24	586
<b>Hagnaður (tap)</b>	<b>-11,545</b>	<b>662</b>	<b>-12,631</b>	<b>-690</b>
<b>EBITDA</b>	<b>-334</b>	<b>828</b>	<b>127</b>	<b>1,001</b>

## EFNAHAGSREIKNINGUR

USD '000

	31-Dec 2007	31-Dec 2006	% Breyting
Fastafjármunir	33,591	44,975	-25.3%
Veltufjármunir	14,348	17,149	-16.3%
<b>Heildareignir</b>	<b>47,939</b>	<b>62,124</b>	<b>-22.8%</b>
Eigið fé	27,425	40,213	-31.8%
Langtímaskuldir	3,312	4,287	-22.7%
Skammtímaskuldir	17,202	17,624	-2.4%
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>47,939</b>	<b>62,124</b>	<b>-22.8%</b>

## LYKILTÖLUR

	2007	2006	2005	2004	2003
Veltufjárhlutfall	0.83	0.97	1.18	1.59	2.75
Eiginfjárhlutfall	57%	65%	66%	66%	68%

## ÁRSFJÓRÐUNGAYFIRLIT

USD '000

	4. ársfj. 2007	3. ársfj. 2007	2. ársfj. 2007	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006
Rekstrartekjur	9,199	7,903	8,855	7,204	9,659
Kostnaðarverð seldra vara	4,638	3,162	3,445	2,811	4,149
<b>Framlegð</b>	<b>4,561</b>	<b>4,741</b>	<b>5,410</b>	<b>4,393</b>	<b>5,510</b>
<b>Rekstrargjöld</b>					
Sölu-, stjórnunar- og markaðskostn.	4,442	4,082	4,873	4,331	4,467
Rannsóknar- og þróunarkostnaður	736	622	719	576	564
Kostnaður vegna skipulagsbreytinga	0	0	-96	0	0
<b>Samtals rekstrargjöld</b>	<b>5,178</b>	<b>4,704</b>	<b>5,496</b>	<b>4,907</b>	<b>5,031</b>
<b>Rekstrarhagnaður (tap) EBIT</b>	<b>-617</b>	<b>37</b>	<b>-86</b>	<b>-514</b>	<b>479</b>
Fjármunatekjur/fjármagnsgjöld	-11,103	-7	-90	-228	-158
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>-11,720</b>	<b>30</b>	<b>-176</b>	<b>-742</b>	<b>321</b>
Skattar	175	-84	-252	137	341
Hagnaður (tap)	<b>-11,545</b>	<b>-54</b>	<b>-428</b>	<b>-605</b>	<b>662</b>
<b>EBITDA</b>	<b>-334</b>	<b>360</b>	<b>303</b>	<b>-202</b>	<b>828</b>

## Samantekt ársins

Félagið steig framfaraskref á árinu 2007 þrátt fyrir ófullnægjandi sölu og nauðsyn þess að þurfa að færa niður hluta af viðskiptavild félagsins. Framþróun félagsins heldur áfram og það hafði í lok ársins 2007 náð sterkari samkeppnisstöðu til að auka arðsemi í framtíðinni.

## Embla Systems

Í nóvember 2007 tilkynnti félagið stóran einkadreifingarsamning við Beth Israel Deaconess Medical Center (BIDMC). Dreifingarsamningurinn fjallar um nýtt svefnalgrím sem þróað var af BIDMC til að mæla gæði svefns og kemur í stað hins hefðbundna yfirlits svefnstiga. Tæknin sem nefnist sameiginlegt mat á hjarta- og lungnastarfsemi (e: Cardio Pulmonary Coupling, CPC) er einstök og veitir læknum í svefngreiningum í fyrsta skipti algerlega sjálfvirk tæki til að meta gæði svefns og greina mismunandi form kæfisvefns. Í fyrstu verður algrímið innleitt í núverandi svefngreiningartæki Emblu, en í framhaldi verða þróuð ódýr skimunar- og greiningartæki sem hægt væri að selja til almennings. Mögulegur markaður fyrir greiningartækið er fyrir einstaklinga sem eiga við svefntruflanir að stríða (áætlað yfir 60 milljónir Bandaríkjamanna) og sjúklinga sem nú þegar eru á kæfisvefnsmeðferð (áætlað vera 13 milljónir Bandaríkjamanna) og eru undir litlu eða engu eftirliti, til að mæla raunveruleg svefngæði og meðferðarheldni. Tækið veitir félaginu möguleika á að endurskoða hvernig gæði svefns eru skilgreind innan greinarinnar og félagið hefur trú á að þessi einkadreifingarsamningur feli í sér mikilvæg ný tækifæri.

Félagið gekk einnig frá samningi við Fisher & Paykel í nóvember 2007 um dreifingu heimamælingatækisins Emblettu í Bandaríkjunum. Í kjölfarið kom bráðabirgðaákvörðun frá Centers for Medicare and Medicaid (CMS) sem hefur nú verið staðfest en það er samþykki á heimamælingum til að greina kæfisvefn. Félagið er leiðtogi í sölu tækja til heimamælinga í Evrópu og þessi ákvörðun opnar dyr fyrir vöruna í Bandaríkjunum. Nákvæm útfærsla á hvernig verður greitt fyrir heimamælingar liggur ekki fyrir en þetta er mikilvægt tækifæri fyrir félagið. Félagið hóf viðræður um sölu á dreifingarsamningi fyrir ResMed vörur á Íslandi á fjórða ársfjórðungi og er nú sölufæri lokið. Eftir að Flaga lokaði höfuðstöðvum sínum á Íslandi og dró verulega úr starfsemi þar var það álit félagsins að dreifingu ResMed vara yrði betur borgið í höndum félags með starfsemi á Íslandi. Því var leitað að hentugum aðila og dreifingin var seld til Vistor sem er leiðandi á sviði markaðssetningar og dreifingar á heilsuvörum og lyfjum á Íslandi.

## SleepTech

Eftir stefnubreytingar í byrjun ársins hefur SleepTech þróað vaxtarstefnu sína með góðum árangri með tilkomu nýrra samninga. Á Tri-State svæðinu hefur fyrirtækið útvíkkað starfsemi sína í gegnum núverandi verkefni og fyrir liggja nokkrar tillögur að nýjum samningum. Utan Tri-State svæðisins hefur SleepTech hafið samstarf með sérfræðingum í Kaliforníu, skrifað undir samning um nýja svefnmælingastofu í Missisippí og er um það bil að festa sér nýja starfsemi í enn öðru fylki. Allt þetta ásamt öðru frumkvæði hefur útvíkkað starfsemi SleepTech í Norður-Bandaríkjunum og fyrirtækið mun halda áfram að stækka með því að nýta sér áframhaldandi vöxt á svefnmarkaði. Fyrirtækið telur að nýtilkomnar greiðslur fyrir heimamælingar muni skapa tækifæri fyrir svefnmælingastofur þar sem fjöldi sjúklinga með svefntruflanir hefur ekki fengið þjónustu og mun aðgengi að svefngreiningum aukast í gegnum heimilislækna og heimamælingar. Þeim sjúklingum sem dugar ekki niðurstöður heimamælinga mun síðan verða vísað til svefnmælingastofa. SleepTech fagnar því tilkomu heimamælinga sem viðbót við þjónustu sína.

## Rekstur 2007

Tekjur samstæðunnar á árinu 2007 voru undir væntingum sem leiddi til meiri taps en búist var við. Því tilkynnti stjórn Flögu Group virðisrýrnum viðskiptavildar sem hafði umtalsverð neikvæð áhrif á afkomu fjórða ársfjórðungs og ársreikninga ársins 2007. Virðisrýrnum að upphæð um það bil USD 10,8 milljónir var færð á viðskiptavild félagsins sem var tilkomin vegna kaupa á Medcare Systems U.S. árið 2002 (nú þekkt sem Embla Systems). Virðisrýrnumin tengist ekki viðskiptavild sem tengist kaupum félagsins á SleepTech árið 2004. Að auki hafa ýmsar eignir verið endurmetnar og færðar niður í tengslum við niðurfærslu viðskiptakrafna og birgða og afskriftir lánstækja. Þessar niðurfærslur hafa áhrif á tekjur og eignir félagsins á árinu 2007.

## Efnahagsreikningur

Heildareignir þann 31. desember 2007 námu USD 47,9 milljónum, sem er lækkun um USD 14,2 milljónir frá ársbyrjun.

Eigið fé nam USD 27,4 milljónum þann 31. desember, samanborið við USD 40,2 milljónir í ársbyrjun. Eiginfjárhlutfallið var 57% í samanburði við 65% í árslok 2006.

### **Sjóðsstreymi**

Veltufé til rekstar nam USD 1,2 milljónum á árinu 2007 samanborið við veltufé frá rekstri um USD 1,4 milljón árið á undan.

### **Framtíðarhorfur**

Hörð samkeppni ríkir sem fyrr á markaði fyrir svefngreiningarvörur. Félagið býst við að bæta samkeppnisstöðu sína á Bandaríkjamarkaði í kjölfar nýrrar reglugerðar er heimilar greiðslur fyrir heimamælingar og tilkomu nýrrar tækni (CPC) á árinu 2008. Félagið mun einnig halda áfram að byggja upp samband sitt við dreifingaraðila Emblu um allan heim til að auka sölu félagsins og tryggja stöðu sína sem „viðmiðunarstaðall“ fyrir svefngreiningartæki.

Félagið mun styðja við vöxt SleepTech utan Tri-State svæðisins með árangursríkri innleiðingu agaðra staðla fyrirtækisins ásamt því að hverfa frá þeirri stefnu að þjónusta einungis sjúkrahús að uppbyggingu beins samstarfs við sérfræðinga með eigin stofur.

Sveiflur eru áfram fyrirjáanlegar í náinni framtíð félagsins en það er staðföst trú yfirstjórnar Flögu Group að langtímahorfur félagsins séu traustar.

### **Birtingadagar uppgjöra Flögu Group 2007:**

Aðalfundur 2007: 17. apríl 2008

1. ársfjórðungur: 8. maí 2008
2. ársfjórðungur: 21. ágúst 2008
3. ársfjórðungur: 13. nóvember 2008
4. ársfjórðungur: 19. febrúar 2009

Frekari upplýsingar veitir: David Baker, forstjóri Flögu Group hf., í síma +1 480 236 4705

Criss Sakala, fjármálastjóri Flögu Group hf., í síma +1 303 962 1781